



Borgarráð

Frístundakortið

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs 27. júní 2022 var samþykkt samhljóða eftirfarandi tillaga meirihluta Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar um hækkun á frístundastyrk:

Lagt er til að frístundastyrkur hækki í 75 þúsund krónur fyrir hvert barn þann 1. janúar 2023.

Samþykkt var að vísa tillögunni til borgarráðs.

Fulltrúar meirihluta Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram eftirfarandi bókun:

Frístundastyrkurinn hefur það mikilvæga markmið að stuðla að virkri þátttöku allra barna í formlegu frístundastarfi. Tillagan felur í sér að frístundastyrkurinn hækkar um 50% fyrir hvert barn og verður 75 þúsund krónur á ári. Samhliða hækkuninni verður Íþróttabandalagi Reykjavíkur falið að gæta þess að hækkun renni fyrst og fremst til foreldra og forráðamanna viðkomandi barna til að auka þátttökuna í frístundum og léttu heimilum róðurinn á tímum vaxandi verðbólgu. Þess verði gætt að hækkunin leiði ekki sjálfkrafa til samsvarandi hækkunar á iðkendagjöldum íþróttafélaganna.

Ómar Einarsson,
sviðsstjóri ÍTR.

Tillaga

Hækkun frístundastyrks

Lagt er til að frístundastyrkur hækki í 75 þúsund krónur fyrir hvert barn þann 1. janúar 2023.

Greinargerð

Í samstarfssáttmála Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar segir í fyrstu aðgerðum: Við ætlum að hækka frístundastyrk upp í 75 þúsund krónur frá 1. janúar 2023.

Aðrir flokkar í borgarstjórn voru einnig með á stefnuskrá sinni að hækka frístundastyrkinn á kjörtímabilinu.

Frístundastyrk Reykjavíkurborgar var komið á árið 2006 undir heitinu “Frístundakortið”. Styrkurinn var í upphafi greiddur fyrir seinni hluta ársins 2007 að upphæð 12.000 kr. Árið 2008 var styrkurinn síðan greiddur í fyrsta skipti allt árið og var upphæðin þá 25.000 kr. Þann 1. janúar 2015 var styrkurinn hækkaður í 35.000 kr. og svo var hann hækkaður í 50.000 kr. þann 1. janúar 2017.

Markmið tillögunnar er að auka ennfrekar þátttöku barna í virkum frístundum í borginni. Frístundastyrkurinn er í eðli sínu samfélagsverkefni sem hefur það að markmiði að tryggja að opinber stuðningur skili sér sem best og nýtist vel þeim sem vegna efnahags eða félagslegra aðstæðna eiga ekki jafn auðvelt og aðrir að taka þátt í skipulögðu frítímastarfi.

Mikilvægt er að styrkurinn nýtist fyrst og fremst til þess að auka þátttöku barna og ungmenna í skipulögðu tómstundastarfi. Íþróttabandalag Reykjavíkur mun hér eftir sem hingað til fylgjast með þáttökugjöldum félaga sinna og gæta þess að iðkendagjöld þróist í takt við almennt verðlag.

Gera má ráð fyrir að kostnaðarauki vegna tillögunnar á ársgrundvelli geti numið 443 mkr.